

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1082

Dagsetning: 23. september 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE), Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Sigurborg Jónsdóttir (SJ) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Lilja Rós Benediktsdóttir mannauðsráðgjafi og Oddný Ingimarsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, sátu fundinn undir lið 8.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerðir framkvæmdastjórnar HH frá 9. september 2025 og 16. september 2025 voru teknar til umræðu og samþykktar samhljóða.

2. Fundir vikunnar

Umræður um fundi vikunnar hjá framkvæmdastjórn.

3. Endurhæfingarmál

Upplýst var um umræður á vinnustofu heilbrigðisráðuneytisins um endurhæfingarmál.

4. Heyrnar- og talmeinastöð Íslands

Rætt var um stöðu á yfirfærslu verkefna Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til HH. Verið er að ramma inn hvernig verkefnin gætu fallið að starfsemi HH en engin ákvörðun hefur verið tekin. Framkvæmdastjórn leggur áherslu á að ekki verði tekið við verkefninu nema það sé fullfjármagnað frá upphafi.

5. Hjúkrunarþjónusta á Stuðlum

Rætt var um viðræður um mögulega aðkomu HH að veitingu hjúkrunarþjónustu fyrir börn sem vistuð eru á Stuðlum. Framkvæmdastjórn tekur jákvætt í að skoða þetta áfram en leggur áherslu á að ramma þurfi verkefnið inn vel í samningi við heilbrigðisráðuneytið og tryggja fjármögnun.

6. Geðheilsuteymi taugabroskaraskana

Umræður um erindi frá stjórnendum Geðheilsuteymis taugabroskaraskana um starf skrifstofustofustjóra og verkefni tengd móttöku og símvörslu.

7. Þróunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu

Rætt var um verkefni Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu og mögulegar breytingar á þeim.

8. Veikindi starfsfólks

Lilja Rós Benediktsdóttir mannauðsráðgjafi og Oddný Ingimarsdóttir, sérfræðingur á mannauðssviði, komu á fundinn og kynntu samantekt vegna veikinda starfsfólks. Sýnt var hvernig starfsstöðvar standa samkvæmt Bradford-skalanum. Framkvæmdastjórn lagði áherslu á að vinna með niðurstöðurnar, kynna fyrir stjórnendum og skerpa á verklagi þegar mikið er um veikindi á vinnustöðvum.

Aðgerðir og verkefni

- Halda þarf áfram vinnu við að færa starfsemi Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til HH, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM og HP
- Halda þarf áfram umræðu um vinnu HH á Stuðlum, sjá lið 5.
Ábyrgð: ÍDH og RÓE
- Hitta þarf stjórnendur Geðheilsuteymis taugaproskaraskana til að ræða erindi um fjölgun starfsfólks, sjá lið 6.
Ábyrgð: ÍDH og RÓE
- Halda þarf áfram vinnu við að skoða verkefni Þróunarmiðstöðvar íslenskrar heilsugæslu, sjá lið 7.
Ábyrgð: SDM
- Vinna þarf með stjórnendum vegna veikinda starfsfólks, sjá lið 8.
Ábyrgð: SJ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 11:05.